

Símenntunaráætlun

Endurmenntunarstefna Höfðaskóla

Langtímamarkmið:

- Að allir sem fást við kennslu innan skólans hafi til þess menntun og tilskilin réttindi
- Að innan skólans sé ávallt fyrir hendi sérþekking á skólastjórnun, sérkennslu, mati á skólastarfi, samkennslu bekkja og yfirleitt öllu því sem skólastarfi viðkemur
- Að allir starfsmenn skólans hafi metnað fyrir eigin hönd og skólans og leitist við að fylgjast sem best með öllum nýjungum í þeim geira sem viðkomandi starfar
- Að starfsmenn skólans beri sjálfir ábyrgð á framþróun sinni í starfi og meti stöðu sína með skólastjóra á hverju ári.

Markmið:

- Kennurum er skylt að fara á námskeið sem þeim er ætlað að fara á skv. endurmenntunar-áætlun skóla, enda sé hún gerð skv. ákvæðum kjarasamnings og kennurum að kostnaðarlausu.
- Starfsfólki ber einnig skylda til að fara á þau námskeið sem skólastjóri óskar eftir og telur að sé mikilvægt fyrir starfsvettvang viðkomandi
- Fræðslustjóri býður upp á fjölbreytt námskeið fyrir starfsfólk í héraði
- Skólastjóri kynni að hausti framboð námskeiða í héraði
- Kennarar geri starfsþróunaráætlun og kynni skólastjóra að hausti
- Að allir starfsmenn skólans geti haft áhrif á endurmenntunaráætlun næsta skólaárs
- Að starfsmenn séu opnir fyrir nýjungum og leitandi í starfi sínu með það að markmiði að ná betri árangri í starfi sínu

Leiðir:

- Skólastjóri sé jákvæður gagnvart óskum starfsfólks um námskeið sem starfsfólk óskar eftir að sækja
- Að starfsmenn geta sótt styrki í sjóði stéttarfélaga til móts við fjárframlög skóla
- Að Sveitarfélagið Skagaströnd komi til móts við þarfir þeirra sem stunda réttindanám jafnhliða starfi
- Að allir starfsmenn sækji þau námskeið sem skólastjóri óskar eftir
- Að skólastjóri í samráði við starfsfólk nýti hluta af verkstjórnarkvóta vetrarins til endurmenntunar ef það hentar
- Að starfsmaður skili starfsþróunaráætlun í sambandi við áherslur í endurmenntun viðkomandi í starfsmannaviðtölum fyrir lok september
- Að skólastjóri og starfsmenn fylgist vel með framboði á endurmenntun
- Að endurmenntun sé rædd minnst einu sinni á ári á starfsmannafundi